
Fastanefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga um samgöngumál



Leiðin langa. Ljósmynd Ágúst G. Atlason

Skýrsla til 57. fjórðungspings á Bíldudal

5. október 2012

Eilítið um starf nefndarinnar

Fastanefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga um samgöngumál 2010-2012 er þannig skipuð:
Sigurður Pétursson, Ísafjarðarbæ, formaður
Elías Jónatansson, Bolungarvík
Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Tálknafirði
Guðbrandur Sverrisson, Kaldrananeshreppi
Gústaf Jökull Ólafsson, Reykhólasveit

Nefndin fundaði strax að loknu síðasta fjórðungsþingi 20. September 2011 vegna Vestfjarðavegar 60 um Gufudalssveit. Í framhaldi af því átti nefndin fund með þingmönnum Norðvesturkjödæmis 12. október, þar sem kynnt var samþykkt Fjórðungspins, Sókn í samgöngum Vestfjarða og ályktun Fjórðungssambandsins vegna Vestfjarðavegar um Gufudalssveit. Á árinu 2012 fundaði nefndin með Samgöngunefnd Alþingis um áherslur Fjórðungssambandsins varðandi Samgönguáætlun 2011-2022 og 2011-2014. Þá voru tveir fundir haldnir í ágústmánuði, til að meta stöðuna eftir samþykkt Samgönguáætlunar í vor og loks fundur með Hreini Haraldssyni vegamálastjóra og Magnúsi Val Jóhannssyni svæðisstjóra á Norðvesturlandi. Helstu umfjöllunarefni nefndarinnar voru þessi:

Eilífðarmálin: Vestfjarðavegur 60 um Gufudalssveit

Starfsár nefndarinnar 2011-2012 var viðburðaríkt og það skiptust á skin og skúrir í samskiptum við samgönguyfirvöld, líkt og oft áður. Haustið var fallett og 56. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið í Bolungarvík 2.-3. september 2011 samþykkti að Samgöngumál væru forgangsverkefni Vestfjarða í sóknaráætlun landshlutans. Þingið samþykkti einnig afar jákvæða ályktun um Vestfjarðaveg 60, sem sérstaklega var beint til Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra, sem sótti þingið:

56. Fjórðungsþing Fjórðungssambands Vestfirðinga lýsir yfir ánægju með frumkvæði og vilja innanríkisráðherra, til þess að höggva á þann hnút sem skapast hefur vegna uppbyggingar Vestfjarðavegar 60 í Gufudalssveit. Áformar ráðherra að tilkynna ákvörðun varðandi þennan vegakafli 9. september n.k. Fjórðungsþing leggur áherslu á að áhrif framkvæmda á samfélögin á sunnanverðum Vestfjörðum verði í forgangi og hvergi verði hvikað frá þeim markmiðum að koma á heilsárssamgöngum á láglandisvegi.


En Adam var ekki lengi í Paradís og Ögmundur var ekki lengi í náðinni heldur, eftir að hann tilkynnti um tillögu sína að nýjum vegi um Gufudalssveit um hálsana tvo, Ódrjúgs og Hjalla. Samgöngunefnd kom saman 20. ágúst og lagði til ályktun sem stjórn Fjórðungssambandsins sendi frá sér:

56. Fjórðungsþingi Vestfirðinga haldið í Bolungarvík þann 2. og 3. september s.l., samþykkti að forgangsverkefni í sóknaráætlun landshlutans yrðu samgöngumál. Þingið lýsti einnig ánægju með störf

innanríkisráðherra með því að kalla til samráðsvettvang, þar sem skoðaðar væru með opnum huga lausnir í vali á vegstæði Vestfjarðavegar 60 um Gufudalssveit. Niðurstaða innanríkisráðherra þar sem valin er leið um Ódrjúgháls og Hjallaháls og kynnt var á fundi samráðsvettvangs þann 9. september s.l. og á íbúafundum 19. og 20. september s.l., olli því miklum vonbrigðum, enda svarar hún ekki ákalli íbúa um láglendisveg. Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga ítrekar því samþykkt Fjórðungsþinga Vestfirðinga um stefnumörkun vestfirskra sveitarstjórna í samgöngumálum landshlutans, stefnumörkun sem endurspeglar vilja íbúa á Vestfjörðum.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga hvetur innanríkisráðherra að leita áfram nýrra lausna sem endurspeglar vilja íbúa og stefnumörkun sveitarstjórna á Vestfjörðum í samgöngumálum landshlutans. Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga bendir á, að nýjar upplýsingar sem komu fram á fundum samráðsvettvangs innanríkisráðherra kalli á gerð nýs umhverfismats og eða formats á umhverfisáhrifum samgönguframkvæmda í Gufudalssveit. Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga skorar því á innanríkisráðherra að tryggja nauðsynlegt fjármagn til að hefjast þegar handa við þá vinnu.

Í framhaldi af þessum mótmælum Vestfirðinga má segja að málið hafi tekið ákveðna vinkilbreytingu, þannig að Vegagerðinni var falið að vinna nýja tillögu að matsáætlun til að setja í umhverfismat. Sú tillaga kom fram í júlímánuði og þar kom fram athyglisverð tillaga um nýja leið sem kölluð er leið I um Hallsteinsnes og yfir Þorskafjörð og þaðan í Bjarkalund. Auk þess mælti Vegagerðin með því að tvær aðrar leiðir yrðu teknar til mats, leiðir sem nefndar eru D1 og H, með gögnum undir Hjallaháls og þverun Þorskafjarðar (sjá mynd).



Samgöngunefnd kom saman og sendi frá sér eftirfarandi álitserð:

Samgöngunefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga fagnar því að í tillögum Vegagerðin er leið D, um Ódrjúgháls og Hjallaháls, hafnað. Hér er tekið undir áralanga kröfu sveitarfélaga og íbúa á Vestfjörðum, að farin sé láglendisleið á þessum vegkafla Vestfjarðavegar 60.

Samgöngunefnd telur mikilvægt að fleiri láglendisleiðir séu skoðar til samanburðar en tillaga Vegagerðarinnar að matsáætlun gerir ráð fyrir. Bendir samgöngunefnd í þeim efnum á samþykkt sveitarstjórnar Reykhólahrepps frá fundi 23. júlí s.l., þar sem krafist er að metin verði leið A1, sem þverar Þorskaffjörð við mynni fjarðarins, frá Reykjanesi að Skálanesi. Í samþykkt sveitarstjórnar er einnig bent á að leið B, vegstæði við og í gegnum Teigsskóg, er tillaga sveitarfélagsins samkvæmt gildandi aðalskipulagi. Nánari skoðun þeirrar leiðar er hafnað og hið sama á við B1 sem liggur í ofanverðum jaðri Teigsskógar.

Samgöngunefnd vekur athygli á að með tillögu matsáætlunar Vegagerðarinnar, er að óbreyttu hafnað ódýrasta kosti á gerð láglendisveggar þ.e. leið B1. Áætlað er að aukin kostnaður geti numið 2,4 til 4,5 milljörðum króna, sem telja verður kostnað samfélagsins sem verður af verndun Teigsskógar. Mikilvægt er að tryggjast verði að sú aukakostnaður sé að fullu fjármagnaður og verði settur til viðbótar þeim framlögum sem áætluð eru í framkvæmdir á samgönguáætlunartímabilinu 2015-2018. Tryggt sé þar með að ljúka þeirri framkvæmd á ætluðum tíma og um leið sé ekki er raskað fjármögnun né tímasetningu annarra samgönguframkvæmda á Vestfjörðum sem nú eru komin á samgönguáætlun.

Á fundi nefndarinnar með Vegamálastjóra í framhaldi af þessu kom fram að Vegagerðin hefur nú til athugunar allar athugasemdir við tillögu sína og mun innan tíðar skila endanlegri tillögu um hvaða leiðir hún velur til að fara í nýtt umhverfismat.

Á meðan þessu fer fram eru framkvæmdir við aðra hluta Vestfjarðavegar 60 um Barðastrandarsýslu í fullum gangi, í samræmi við nýsamþykktu Samgönguáætlun. Veita skal 3 milljörðum króna í nýjan veg um Múlasveit, frá Þverá í Kerlingarfirði um Kjálkafjörð að Eiði í Skálfirði, um 20 kílómetra leið. Áætlað er að vegurinn verði tilbúinn eftir tvö ár. Áður var vegurinn um Hjarðarnes úr Vatnsfirði í Kjálkafjörð um 12 kílómetrar kláraður síðasta haust og nú nýlega var lagt slitlag á vegkafla fyrir Skálanes yst í Kollafirði, eftir tafir vegna gjaldþrots verktaka. Það potast því áfram, þó ekki sjái enn fyrir endann á stóra áfanganum um Gufudalssveit.

Samgönguáætlun 2011-2022

Samgönguáætlun áráanna 2011-2022¹ og jafnframt framkvæmdaáætlun 2011-2014² var loks samþykkt á vörþingi Alþingis. Eftir breytingar sem Alþingi gerði á áætluninni, frá fyrstu tillögum, má segja að flest áhersluatriði Vestfirðinga hafi náð fram að ganga. Áherslurnar komu fram í samþykkt síðasta Fjórðungsþings, Sókn í samgöngum Vestfjarða:

¹Þingsályktun um samgönguáætlun fyrir árin 2011–2022: <http://www.althingi.is/alttext/140/s/pdf/1630.pdf>

² Þingsályktun um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2011–2014: <http://www.althingi.is/alttext/140/s/pdf/1629.pdf>

1. Uppbygging Vestfjarðavegar 60 frá Flókalundi í Bjarkalund verði lokið .
2. Komið verði á heilsársvegsamband á milli Ísafjarðarsýslu og Barðastrandarsýslu með Dýrafjarðargöngum og nýjum vegi um Dynjandisheiði.
3. Heilsársvegur verði lagður norður í Árneshrepp.
4. Vegur að Látrabjargi.

Samgöngunefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga ásamt framkvæmdastjóra sambandsins, Aðalsteini Óskarsyni vann ítarlega umsögn um frumvarp að samgönguáætlun.³ Umsögnin var lögð fram á fundi með umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hinn 6. mars 2012. Fékk hún góðar undirtektir. Segja má að þrjú af fjórum áhersluatriðum Vestfirðinga hafi náð langleiðina inn í samgönguáætlun, þó að óskir okkar um framkvæmdahraða hafi ekki allar verið uppfylltar. Sú niðurstaða að flýta framkvæmdum við Dýrafjarðargöng, frá því sem áður var lagt til, má telja góðan árangur. Dýrafjarðargöng eru nú á áætlun á árunum 2015-2018. Þá var áætluðum framkvæmdum við Bjarnafjarðarháls og Veiðileysuháls í Strandasýslu flýtt. Vegur út Reykjafjörð út í Gjögur, er þá enn eftir og nýr vegur út Patreksfjörð út að Látrabjargi, er enn ekki kominn á dagskrá. Það voru jafnframt vonbrigði að áætlunin gerir ekki ráð fyrir að nýr vegur um Gufudalssveit verði kláraður fyrr en á síðasta hluta áætlunarinnar, 2019-2022 og baráttumál okkar hlýtur að vera að fá því flýtt.

Næstu skref

Á fundi nefndarinnar með vegamálastjóra kom fram að á næstu mánuðum verður unnið að endurskoðun samgönguáætlunar og nýrri fjögurra ára framkvæmdáætlun. Þar verða Vestfirðingar og fulltrúar þeirra í samgöngunefnd og stjórn Fjórðungssambandsins að halda vöku sinni.

Markmiðin eru enn hin sömu:

- Að tengja saman þéttbýlisstaði á Vestfjörðum
- Að allar byggðir Vestfjarða tengist aðalþjóðvegakerfi landsins

Helstu verkefni eru:

- Að klára vegagerð um Gufudalssveit í Barðastrandarsýslu, Vestfjarðavegur 60.
- Að standa við áætlanir um gerð Dýrafjarðarganga, og stytta þannig leiðina um 27 km.
- Að flýta gerð nýs vegar um Dynjandisheiði.
- Að standa við áætlanir um vegagerð úr Steingrímsfirði norður í Árneshrepp og koma síðasta áfanga þeirrar framkvæmdar, veginum norðan Reykjafjarðar, inn á áætlun.
- Að nýr vegur út á Látrabjarg komist inn á samgönguáætlun.
- Að bæta hættulega kafla á Djúpvegi og Strandavegi.

³ Umsögn Fjórðungssambands Vestfirðinga um Tillögu að þingsályktun um samgönguáætlun fyrir árin 2011-2022: http://www.fjordungssamband.is/utgefid_efni/umsagnir/skra/256/

Almenningssamgöngur

Áætlunarflug á milli Reykjavíkur og Ísafjarðar, Bíldudals og Gjögurs eru mikilvægustu almenningssamgöngur Vestfirðinga og lífæð byggðanna stóran hluta ársins. Mikilvægi Reykjavíkurflugvallar fyrir samgöngur á milli landsbyggðar og höfuðborgar verður aldrei of oft ítrekuð. Brýnt er að standa vörð um þá þjónustu og öryggi sem flugsamgöngur veita íbúum á Vestfjörðum.

Samgöngunefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga hefur síðustu misseri fjallað nokkuð um almenningssamgöngur og skipulag þeirra mála á Vestfjörðum. Fjórðungssambandið í samstarfi við önnur landshlutasamtök hafa gerst aðilar að samkomulagi um nýja skipan fólksflutninga á leiðinni Reykjavík-Akureyri og Reykjavík-Reykhólasveit-Hólmavík. Ástæða er til að halda þessu starfi áfram og vinna að bættri þjónustu farþegaflutninga á landi innan Vestfjarða og út úr héraðinu.

Að lokum

Nýrrar Samgöngunefndar bíða stór verkefni, bæði við endurskoðun Samgönguáætlunar, við hagsmunarekstur gagnvart Vegagerðinni og einnig við endurskoðun fjarskiptaáætlunar, sem ekki var lokið á síðasta vetri. Fjórðungssamband Vestfirðinga þarf að kalla fram úttekt á fjarskiptamálum á Vestfjörðum og vinna að leiðum til að bæta netsamband og öryggi í fjarskiptum fyrir íbúa og atvinnulíf á svæðinu.

Samgöngunefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga er sameiginlegt tæki sveitarfélaganna á Vestfjörðum til að vinna sameiginlega að settum markmiðum. Samgöngunefnd er vopn Vestfirðinga í sókn og vörn í samgöngumálum. Á vettvangi Fjórðungssambandsins er nauðsynlegt að samræma sjónarmið, ólík viðhorf og áherslur einstakra sveitarfélaga eða svæða. Án samstöðu út á við er auðvelt að setja sjónarmið Vestfirðinga hjá. Það hefur hinsvegar sannast að með sameiginlegu afli og stuðningi almennings, alþingismanna og sveitarstjórnarmanna er mögulegt að hafa áhrif á ákvarðanir samgönguyfirvalda og ná fram baráttumálum okkar Vestfirðinga, til hagsbóta fyrir íbúa landshlutans.

Ég vil þakka fulltrúum í samgöngunefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga gott samstarf á liðnu ári, hreinskiptar umræður og samstöðu um áherslumál. Margt hefur áunnist á síðustu árum og mikið er áætlað í næstu framtíð. Staða Vestfjarða leggur okkur á herðar þá skyldu að halda vöku okkar og beita okkur af öllu afli fyrir enn meiri umbótum og enn frekari aðgerðum. Framtíð byggðarinnar ræðst ekki síst af því hvernig til tekst með uppbyggingu í samgöngumálum. Það er því mikið í húfi. Í samgöngumálum getur enginn Vestfirðingur setið heima.

Ísafirði, 3. október 2012,

Sigurður Pétursson,
formaður fastanefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga um samgöngumál.